



Alþingi - Iðnaðarnefnd
Ágúst Geir Ágústsson
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 29. nóvember 2002
Tilvísun: 2002110013
Bréfalykill: 50.13

Efni: Umsögn Orkustofnunar um tillögu til þingsályktunar um neysluvatn, 13. mál.

Vísað er í bréf hæstvirktrar iðnaðarnefndar Alþingis dags. 14. nóvember 2002, þar sem þess er farið á leit við Orkustofnun að hún veiti umsögn um tillögu til þingsályktunar um neyslumál, 13. mál.

Þingsályktunartillaga þessi er í þremur meginliðum:

1. Neysluvatn verði skilgreint sem auðlind í lögum.
2. Málefni þess verði vistuð á einum stað í stjórnsýslunni.
3. Stuðlað verði að útflutningi á fersku neysluvatni.

Orkustofnun hefur fengist mikið við neysluvatnsmál, ekki síst auðlindahlið þeirra, en neysluvatnsauðlindin er hluti af vatnasauðlindum landsins í heild, sem eru eitt helsta höfuðviðfangsefni stofnunarinnar. Því telur Orkustofnun standa sér nærri að veita itarlega umsögn í þessu máli og gera nokkra grein fyrir henni.

Umsögn:

Meðfylgjandi er minnisblaði Freysteins Sigurðssonar, sérfræðings á Auðlindadeild Orkustofnunar. Þar fjallar hann nánar um neysluvatnsauðlindina, skilgreiningu hennar og afmörkun. Einnig um mismunandi hliðar neysluvatnmála og um útflutning á neysluvatni í ljósi aðstæðna.

Á grundvelli minnisblaðs Freysteins, telur Orkustofnun að

1. æskilegt sé, að skilgreina neysluvatnsauðlindina sem sérstaka auðlind í lögum,
2. nauðsynlegt sé að vista málefni neysluvatnsauðlindarinnar sem slíkrar á einum stað og telur hentugt, að hún verði vistuð á Orkustofnun, en ýmsar aðrar hliðar neysluvatnmála, svo sem tæknileg vinnsla og gæðaeftirlit, væri rétt að vista annars staðar,
3. útflutningur á vatni gæti orðið verulegur á næstu áratugum vegna þróunar neysluvatnmála á jörðinni, og því sé tímabært, að huga að horfum á slíkum útflutningi, forsendum hans og nauðsynlegri verndun neysluvatnssvæða í framtíðinni.

Virðingarfyllst

Þorkell Helgason
orkumálastjóri